

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um hlutfall þjóðarframleiðslu fyrirtækja og félaga sem gera upp í öðrum gjaldmiðli en krónu.

Frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur.

- Hver var velta þeirra fyrirtækja og félaga, í einkarekstri sem og opinberum rekstri, sem fengu árið 2022 og 2023 heimild hjá ársreikningaskrá skv. 7. gr. laga um ársreikninga til að færa bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja og birta ársreikninga í erlendum gjaldmiðli í stað íslenskrar krónu?
- Hversu stór hluti af þjóðarframleiðslu var velta þessara fyrirtækja og félaga á sama tímabili?
- Hver hefur þróunin verið sl. áratug hvað varðar hluta af þjóðarframleiðslu þessara fyrirtækja og félaga?

Skriflegt svar óskast.